

Nr. 62.
14. nóvbr.

Lög

um

stefnufrest til íslenskra dómstóla.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. kaflí.

Um stefnufrest í almennum einkamálum í hjeraði.

1. gr.

Nú á varnaraðili máls heimili eða dvöl í þinghá eða kaupstað, þar er mál á hendur honum skal þingfest, og ber honum þá vikufrestur til stefnu.

2. gr.

Nú á varnaraðili heimili eða dvöl utan þinghár eða kaupstaðar, þar er mál á hendur honum skal þingfest, en þó innan takmarka sama sýslufjelags, og ber honum þá tveggja vikna stefnufrestur.

Kaupstaðirnir Reykjavík og Hafnarfjörður skulu í lögum þessum taldir innan takmarka sama sýslufjelags.

3. gr.

Nú á varnaraðili heimili eða dvöl hjer á landi, en utan sýslufjelags, þar er mál á hendur honum skal þingfest, og skal dómari þá ákveða stefnufrest, eftir því sem við á í hvert sinn. Þó má frestur aldrei vera skemri en 2 vikur og aldrei lengri en 9 vikur.

4. gr.

Nú á varnaraðili heimilisfang eða dvöl erlendis, og skal dómari þá ákveða stefnufrest eftir atvikum í hvert sinn. Þó má fresturinn aldrei vera skemri en 3 mánuðir og aldrei lengri en 12 mánuðir.

5. gr.

Nú er eigi kunnugt, hvar varnaraðili á heimilisfang eða dvöl, og skal þá dómari ákveða stefnufrest á þann hátt, er í 3. og 4. gr. segir, þannig að fresturinn fari eftir 3. gr., ef telja má víst, að varnaraðili eigi heimili eða dvöl hjer á landi, en ella skal fara eftir 4. gr.

6. gr.

Ákvæði 1.—5. gr. gilda jafnt, hvort sem mál er þingfest á bæjarþingi, manntalsþingi eða í aukarjetti.

Um stefnufrest í einkamálum, er frábrugðinni meðferð sæta í hjeraði.

7. gr.

Í gestarjettarmálum skal stefnufrestur vera sem hjer segir:

1. Þegar svo er ástatt um varnaraðilja, sem um ræðir í 1. gr., skal stefnufrestur vera eigi skemri en sólarhringur.

2. Þegar svo stendur á, sem í 2. gr. segir, skal stefnufrestur eigi vera skemri en 1 vika.

3. Nú eru atvik svo vaxin, sem í 3. og 4. gr., sbr. 5. gr., getur, og skal dómari þá ákveða stefnufrestinn, svo sem þar segir, þó svo, að fresturinn verði eigi lengri en 6 vikur, ef svo er ástatt, sem í 3. gr. getur, en ella eigi lengri en 6 mánuðir.

8. gr.

Stefnufrestur í einkalögreglumálum, sjúðómsmálum og merkjamálum samkvæmt lögum nr. 35, 2. nóv. 1914, skal fara eftir ákvæðum 7. gr.

9. gr.

Stefnufrestur í landamerkjamálum, áreiðar- og vettvangsmálum, víxil- og tjekkamálum, hjónabandsmálum, málum til áfrýjunar sáttanefndarúrskurðum samkv. lögum nr. 32, 11. júlí 1911, fer eftir reglum 1.—4. gr. laga þessara, nema mál þessi sæti gestarjettarmeðferð, sbr. 7. gr.

10. gr.

Stefnufrestur í eignardómamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 46, 10. nóv. 1905, 9. gr.

11. gr.

Ákvæði laga nr. 30, 3. nóv. 1915, um stefnufrest í málum til ógildingardóms á skjölum, skulu haldast óbreytt.

III. kafli.

Um stefnufrest í sakamálum og til yfirdómstóla.

12. gr.

Í sakamálum skal stefnufrestur fara eftir ákvæðum 7. gr.

13. gr.

Nú er sakamál sótt annars staðar en á heimilis- eða dvalarvarnarþingi sökunauts, en hann er staddur í þinghá, þar sem málið er sótt að lögum, þegar stefna er birt honum, og fer þá um frestinn, svo sem þar væri heimili hans eða dvalarstaður.

14. gr.

Stefnufrestur til landsyfirdóms fer eftir tilsk. 11. júlí 1800, 15. gr. Þó skal yfirdómur ákveða frestinn samkvæmt 4. og 5. gr. laga þessara, ef svo er ástatt um varnaraðilja, sem í tjeðum greinum segir.

15. gr.

Stefnufrestur til landsyfirdóms í sakamálum og til synodalrjettar fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

Nr. 62.
14. nóvbr.

I V. k a f l i.

Almenn ákvæði.

16. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra þeirra, sem stefnt er í hverju einstöku máli, hvort sem er sóknar- eða varnaraðili, meðalgöngumaður, vitni, matsmaður o. s. frv. Stefnufrestur í eiðs-, mats-, skoðunar- eða vitnamálum fer eftir sömu reglum sem stefnufrestur í aðalmáli.

17. gr.

Ákvörðum dómstóls um stefnufrest samkvæmt 4. og 5. gr. og II. kafla, sbr. 4. og 5. gr. og 14. gr., má áfrýja til ædri dóms, eftir almennum áfrýjunarreglum.

18. gr.

Með lögum þessum eru eftirgreind lagaákvæði úr gildi numin: N. L. 1—4—7, 8, 9 og 12, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 3. júní 1796, 16. gr., og tilsk. 11. júlí 1800, 15. gr. síðasta setning, svo og N. L. 1—4—18, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 29. maí 1750, 1. gr., tilsk. 3. júní 1796, 29. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, 7. gr., lög nr. 59, 10. nóv. 1905, 2. gr., lög nr. 33, 11. júlí 1911, og lög nr. 35, 2. nóv. 1914, 6. gr., að því leyti, sem nefnd lagaákvæði hafa að geyma fyrir mæli um stefnufrest. Loks eru úr lögum numin öll lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu ákvæði laga nr. 19, 2. okt. 1895, um stefnur til ædri dóms í skiftamálum, og ákvæði laga nr. 11, 20. okt. 1905, um stefnufrest í landsdómsmálum, haldast óbreytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.